



Eins dauði er annars brauð

Myrkir staðir sem aðdráttarafl í ferðamennsku

Eydís Anna Theodórsdóttir
Silja Marín Jensdóttir



**Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2019**

Eins dauði er annars brauð
Myrkir staðir sem aðdráttarafl í ferðamennsku

Eydís Anna Theodórsdóttir
Silja Marín Jensdóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Gunnar Þór Jóhannesson

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, janúar 2019

Eins dauði er annars brauð
Myrkir staðir sem aðdráttarafl í ferðamennsku
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2019 Eydís Anna Theodórsdóttir og Silja Marín Jensdóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Askja, Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:
Eydís Anna Theodórsdóttir og Silja Marín Jensdóttir, 2019, *Eins dauði er annars brauð:
Myrkir staðir sem aðdráttarafl í ferðamennsku*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild,
Háskóli Íslands, 29 bls.

Reykjavík, janúar 2019

Útdráttur

Dauðinn hefur fylgt mönnum frá upphafi og allt sem tengist dauða, þjáningum og öðrum hörmungum getur oft vakið upp óhug meðal manna. Á sama tíma getur dauðinn vakið upp forvitni og allt frá upphafi ferðamennsku hefur fólk ferðast til staða sem tengjast dauðanum, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað. Sífelld tækniþróun auðveldar okkur að komast nær dauðanum, bæði í vísindalegum skilningi og táknrænum. *Myrkvaferðamennska* er fremur nýlegt hugtak á sviði ferðamálafræði en það er þegar fólk ferðast á staði sem tengjast dauðanum. Mismunandi ástæður liggja að baki mismunandi ferðalaga og í þessari ritgerð verða hvatar fólks til ferðalaga skoðaðir, bæði almennt og með sérstöku tilliti til myrkvaferðamennsku. Í þessari ritgerð er leitast við að svara því hvers vegna fólk vilji ferðast til staða sem tilheyra myrkvaferðamennsku og hver upplifun þeirra sé af slíkri ferðamennsku. Gögnum var aflað með eigindlegri rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við sex einstaklinga sem ferðast höfðu til staða sem falla undir myrkvaferðamennsku. Höfundar komust að þeirri niðurstöðu að helsti hvati fólks til að ferðast til myrkra áfangastaða sé forvitni en aðrir hvatar voru t.d. arfleifð eða að staðurinn hafi verið heimsóttur af tilviljun. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að upplifun fólks af staðnum einkenndist af miklu samspili tilfinninga, þá allra helst sorg og samúð með þolendum, eftirlifendum og nákomnum.

Abstract

Death has been a part of people's lives from the beginning of time and everything that relates to death, torture and other disasters can often disturb one's mind but at the same time evoke curiosity. Since the beginning of tourism, people have been travelling to places that connect to death, either knowingly or unknowingly. Continuous technological improvements help us move closer to understanding death, in a scientific sense as well as psychologically. The term *dark tourism* when people travel to places associated with death is a relatively new concept in tourism studies. People have different reasons for each trip they take and this thesis will focus on different motives to travel, both generally and when it comes to dark tourism. The focus of this thesis is to try and answer the question why people want to travel to places that fall under the category of dark tourism and how they experience it. This information was gathered by conducting a qualitative research where six people who had pursued dark tourism were interviewed. The authors of this report came to the conclusion that people's main motivation to travel to dark tourist locations is curiosity. Other motivating factors are the heritage of the place considered, or that the place was visited coincidentally. This thesis also concluded that people's experiences of dark tourist places evoked various feelings, especially sorrow and empathy with the victims and their loved ones.

Efnisyfirlit

Þakkir	vii
1 Inngangur	1
2 Hvatar til ferðalaga.....	3
3 Myrkvaferðamennska	7
3.1 Upphaf og skilgreiningar myrkvaferðamennsku	7
3.2 Hvatar til myrkvaferðamennsku	9
3.3 Sviðsetning staða	10
4 Um rannsóknina.....	13
4.1 Val á rannsóknaraðferð	13
4.2 Val viðmælenda og gagnaöflun	13
4.3 Greining og úrvinnsla gagna.....	14
5 Niðurstöður.....	15
5.1 Hvatar til ferðalaga með tilliti til myrkvaferðamennsku	15
5.1.1 Forvitni.....	16
5.1.2 Arfleifð.....	16
5.2 Væntingar.....	17
5.3 Iðkun og upplifun.....	18
6 Umræður.....	21
6.1 Hvatar.....	21
6.2 Upplifun.....	22
7 Lokaorð.....	25
Heimildir	27
Viðauki A.....	29

Þakkir

Við viljum þakka leiðbeinanda okkar, Gunnari Þór Jóhannessyni fyrir gott samstarf, faglega leiðsögn og gagnlegar ábendingar á meðan skrifum stóð. Á sama tíma viljum við þakka Laufeyju Brynjarsdóttur fyrir að gefa sér tíma í yfirllestur á ritgerðinni okkar. Að lokum viljum við sérstaklega þakka viðmælendum okkar fyrir þátttökuna, án þeirra hefði rannsóknin aldrei orðið að veruleika.

1 Inngangur

Í dag eru skipulögð ferðalög orðin hluti af daglegu lífi, framboð á tegundum ferðtilboða fjölgar sífellt og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ferðalög snúast oft um fleira en frí frá hversdagsleikanum og búa yfir dýpri merkingu fyrir einstaklinginn. MacCannell (1976;1999) og Cohen (1996) hafa líkt ferðalögum nútímans við pílgrímsferðirnar, þar sem þeir vilja meina að fólk ferðist oft til þess að leita að sanngildi og upprunaleika á sama hátt og pílgrímar gerðu þegar þeir ferðuðust til að komast í snertingu við upprunaleika trúar sinnar. Hvatar fólks til ferðalaga eru ólíkir og erfitt getur verið fyrir einstakling að gera þeim skýr skil, til dæmis vita sumir jafnvel ekki hvers vegna viðkomandi staður varð fyrir valinu sem áfangastaður ferðar þeirra (Robinson, 2012).

Dauðinn, þjáningar, stríð og aðrar hörmungar eru fyrirbæri sem yfirleitt vekja ónotatilfinningu meðal fólks en geta á sama tíma vakið upp forvitni. Allt frá upphafi ferðamennsku hefur fólk sótt í staði sem tengjast dauðanum og þjáningu, en héðan í frá verður rætt um slíka staði sem „myrka staði“. Talið er að upphaf slíkrar ferðamennsku megi rekja aftur til tíma Rómverja þegar fólk ferðaðist langar leiðir til að sjá skylmingarþræla berjast upp á líf og dauða (Stone og Sharpley, 2008). Í dag flokkast margir af vinsælli ferðamannastöðum heims til myrkra staða, en sem dæmi má nefna Ground Zero í New York, Killing Fields í Kambódíu og fyrrum útrýmingarbúðirnar í Auschwitz. Þrátt fyrir að hægt sé að rekja sögu þessarar tegundar ferðamennsku langt aftur í tímann var það ekki fyrr en nýlega að fræðimenn fóru að velta henni fyrir sér til rannsókna og umfjöllunar. Í dag ber þessi tegund ferðamennsku heitið myrkvaferðamennska (e. *dark tourism*) (Lennon og Foley, 2000).

Staðir þar sem dauði, pyntingar, slys eða aðrar hamfarir hafa átt sér stað virðast hafa ákveðið aðdráttarafl fyrir ferðamenn þar sem fólk ferðast oft langar leiðir til að heimsækja slíka staði. Markmið þessarar rannsóknar var að rannsaka hvata fólks til að ferðast til staða sem flokkast undir myrkvaferðamennsku. Leitað var svara við spurningunum:

- Hverjir eru hvatar fólks til að stunda myrkvaferðamennsku?
- Hver er upplifun fólks af myrkum áfangastöðum?

Til þess að svara þessum rannsóknarspurningum var framkvæmd eigindleg viðtalsrannsókn, þar sem tekin voru viðtöl við sex einstaklinga sem hafa stundað myrkvaferðamennsku.

Ritgerðin skiptist í sjö kafla. Að loknum inngangi, í kafla tvö, verður fjallað um það hvernig ástæður til ferðalaga geta verið ólíkar. Vitnað verður meðal annars í rannsóknir fræðimanna á borð við Cohen, Urry og MacCannell. Þegar því líkur verður gerð grein fyrir myrkvaferðamennsku í kafla þrjú, þar sem uppruni, þróun hennar og helstu einkenni verða skoðuð og algengir hvatar fólks til slíkra ferðalaga skoðaðir. Í fjórða kafla verður fjallað um þær aðferðir sem nýttar voru við gerð þessarar rannsóknar, en þessi rannsókn byggir á aðferðum grundaðrar kenningar. Þar er greint frá vali á viðmælendum, gagnaöflun og greiningu gagna. Í fimmta kafla verða niðurstöður kynntar sem komu fram við greiningu á viðtölum. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að forvitni og áhugi á arfleifð væru helstu hvatar fólks til að heimsækja slíka staði og upplifun fólks af staðnum einkenndist

aðallega af sorg og samúð gagnvart staðnum. Þar á eftir, í kafla sex, eru niðurstöður ræddar í samhengi við fræðilegan grundvöll og rannsóknarspurningum svarað. Í lokaorðum verða svo helstu þættir ritgerðarinnar dregnir saman, helstu takmarkanir rannsóknarinnar dregnar fram og hugmyndir að frekari rannsóknum tengdum viðfangsefninu settar fram.

2 Hvatar til ferðalaga

Hvers vegna finnum við fyrir þörf til þess að ferðast? Afhverju setjumst við ekki bara að á einum stað og látum það okkur nægja? Ferðamannastaðir verða ekki til án ferðamanna og engir tveir staðir eru eins, en samt eru sumir sem heimsækja sömu staðina aftur og aftur, á meðan aðrir vilja reyna að heimsækja sem flesta staði. Það er áhugavert að velta því fyrir sér hvaða hugsun liggur þar að baki, hvers vegna fólk ferðast yfir höfuð og hvaða atriði hafa áhrif á ferðahegðun þeirra.

Nielsen (2001) talaði um svokallaða ýti- og togkrafta ferðalaga til þess að reyna að komast að því hvers vegna fólk ferðast. Crompton (1979) talar um sjö tegundir ýtikrafta; að sleppa úr umhverfi hversdagsleikans, sjálfskoðun og sjálfsmat, slökun, álit, endurheimt, að bæta samskipti við ættingja og félagsleg samskipti. Robinson (2012) segir svo að það séu til tvær tegundir togkrafta; menntun og nýjungar. Ýtikraftar endurspeglar löngunina til að ferðast, innri þörfina til að flýja frá hversdagsleikanum. Togkraftarnir eru þeir eiginleikar sem laða ferðamanninn að áfangastaðnum (Nielsen, 2001). Erfitt getur verið að segja til um hvort ýti- eða togkrafturinn hafi meiri áhrif á ákvarðanatökuna en þó er víst að ýtikrafturinn þarf að vera til staðar til þess að togkrafturinn geti virkað.

Eric Cohen (1996) vill meina að til þess að skilja ferðahegðun einstaklings verði maður að skoða hann út frá samfélaginu sem hann tilheyrir og menningu. Hann segir jafnframt að ferðahegðun fólks megi útskýra út frá kjarna þeirra og að kjarnar fólks séu ólíkir með tilliti til menningar, stjórn málaumhverfis og trúar. Ástæða þess að fólk ferðast, samkvæmt Cohen (1996), byggir á tengslum ferðamannsins við eigið samfélag. Á ferðalagi sé fólk í leit að ákveðnum kjarna en það sé misjafnt eftir ferðamanninum hvort að kjarni hans sé tengdur samfélaginu sem hann býr í eða hvort kjarnann sé að finna annarsstaðar. Cohen (1996) skiptir ferðalögum í fimm flokka eftir hvötum fólks í leit að þessum kjarna og eftir því hvers eðlis hann er. Flokkarnir eru eftirfarandi:

Endurnærandi reynsla (e. *The Recreational mode*): Fólk sækist eftir hléi frá amstri hversdagsleikans til þess að hlaða batteriín. Ferðamaðurinn hefur sterk tengsl við kjarna samfélagsins og sækist ekki eftir nýjum kjarna. Hann er einungis í leit að skemmtun og/eða slökun. Hér er það ekki aðdráttarafli staðarins sem togar hann til sín heldur eigið samfélag sem ýtir honum af stað.

Tilbreytingarháttur (e. *The Diversionary mode*): Ferðalagið snýst um tilbreytingu. Viðkomandi finnur ekki fyrir sérstakri tengingu við kjarna eigin samfélags en er þó ekki í leit að nýjum kjarna.

Reynsluháttur (e. *The Experiential mode*): Ferðamaðurinn hefur misst tengsl við eigin kjarna og reynir að finna hann annarsstaðar. Ferðalagið snýst um nýja reynslu og leit að sanngildi. Þessi tegund ferðalags felur í sér meiri dýpt en fyrrnefndar tegundir.

Tilraunaháttur (e. *The Experimental mode*): Ferðalagið snýst um að dýpka skilning sinn á lífinu og tilverunni. Ferðamaðurinn hefur engan kjarna og tekur virkan þátt í samfélaginu sem hann ferðast til án þess þó að tilheyra því til framtíðar. Ferðalagið snýst um að finna

sjálfan sig en skortir skýra stefnu þar sem ferðamaðurinn er ekki viss um hverju hann leitar að.

Tilvistarháttur (e. *The Existential mode*): Ferðamaðurinn finnur nýjan kjarna í nýju samfélagi, sest þar að og tekur upp þá menningu og þau gildi sem þar tíðkast.

Formgerðaflokkun Cohens hér að ofan leggur áherslu á leitina að kjarna í samfélagi sem býr yfir sanngildi, en þær hugmyndir eru nátengdar hugmyndum Dean MacCannells um leit ferðamannsins að sanngildi, að fá að verða hluti af menningunni, ekki sem áhorfandi heldur sem þátttakandi. Þá vill MacCannell (1976;1999) meina að ferðamennska sé oft á tíðum sviðsettur raunveruleiki sem samanstandi af framhlið og bakhlið. Framhliðin sé sá hluti sem er sviðsettur fyrir ferðamenn og sé þá „gervi“, á meðan bakhliðin sé „ekta“ og samanstandi af raunverulegri menningu. Í þessu samhengi ber bakhliðin með sér ákveðna dulúð þar sem leyndarmál heimamanna eru falin fyrir ferðamönnum (Goffman, 1959). Í leit sinni að sanngildinu fara ferðamenn t.d. í útsýnisferðir til að setja sig í hlutverk áhorfenda og verða vitni að einhverju sönnu, til að komast á bakvið framhliðina. Þetta lætur ferðamanninum líða eins og meira búi á bakvið það sem hann sér og þar af leiðandi getur skapast tilfinning um sanngildi. MacCannell (1999) segir svo að leitin að sanngildinu sé það sem drífi ferðamanninn áfram og geti jafnvel orðið að þráhyggju. Kenning MacCannells hefur verið gagnrýnd frá því sjónarmiði að hann líti á ferðamenn sem of einsleitán hóp og taki lítið tillit til mismunandi bakgrunns ferðamanna og ástæðna ferðalaga þeirra. Wang (1999) varpar ljósi á að misjafnt sé hverju ferðamaðurinn sækist eftir og þar af leiðandi sé upplifun af áfangastað hvers og eins mismunandi. Þannig getur einn ferðamaður upplifað eitthvað sem hann telur raunverulegt og falla undir sanngildi staðarins þó svo að aðrir telji það ekki búa yfir sanngildi. Cohen (1996) er á sama máli og segir óraunhæft að setja alla ferðamenn undir sama hatt, heldur þurfi að taka mið af einstaklingnum sjálfum. Sýn fólks á heiminn getur leitt til ólíkra reynsluhátta þegar kemur að ferðamennsku og ekki eigi alltaf við að líkja ferðamönnum við pílagríma. Hann telur þó að MacCannell (1999) hafi komið með nokkuð góðar útskýringar á hvötum fólks til að ferðast, byggðar á hegðun þeirra og reynslu.

MacCannell (1999) sagði einnig að maðurinn væri í stöðugri þróun og leit að einhverju nýju, og á þann hátt færast hann sífellt fjær uppruna sínum. Með ferðalögum er fólk sífellt að leitast eftir því að þekkja sjálft sig betur og læra eitthvað nýtt, þannig heldur það að það sé að færast nær eigin uppruna, en það er kannski ekki raunin. MacCannell (1976) vill meina að með ferðalögum sé maðurinn að missa tengsl við það sem er raunverulegt og skiptir hann sjálfan máli. Þegar maður þróar með sér of mikinn áhuga á lífi annarra getur maður misst tengslin við t.d. fjölskyldu sína, vini, vinnu og annað nærumhverfi. Hann segir einnig að umhverfið sé sífellt að breytast, bæði þar sem við eigum heima og á þeim stöðum sem við ferðumst til. Það leiðir til þess að við leitum sífellt meira eftir uppruna okkar, fortíðin gleymist með tímanum og fortíðarþráin verður til þess að leitin af sjálfsmýndinni verður enn sterkari. Með því að ferðast reynum við að finna fortíðina til þess að geta miðlað henni áfram til næstu kynslóða og mótað framtíðina. Þetta er þó ekki bundið við fólk sem er orðið gamalt, heldur einfaldlega það að eldast. Þetta getur að sama skapi átt við gamalt fólk eins og ungt fólk sem leitast eftir einhverju sem það upplifði sem barn. Orsökina gætu e.t.v. verið af völdum hnattvæðingar, heimurinn er að verða einsleitari og leitin að fortíðinni sterkari samhliða því (Giddens, 1991). Því mætti segja að fortíðarþrá og leit að eigin sjálfsmýnd ýti undir ferðalög enn þann dag í dag. Þetta á vel við um fyrri

umræðu þegar hugsað er til þess hversu fjarlægur t.d. dauðinn getur verið, eins og hann er sjálfsgæður hluti af lífinu og tilverunni.

Eins og fram hefur komið ferðast fólk oft til annarra staða til að komast í burtu frá hversdagsleikanum, við setjum okkur í hlutverk ferðamannsins sem er í leit að einhverju nýju og spennandi. Þrátt fyrir það byggjum við oft ferðalagið og val á áfangastöðum á reynslu annarra, hvort sem það eru ferðasögur eða eitthvað sem við höfum séð eða lesið. Urry (1990) talar um ferðamannaáhorfið (e. *The Tourist gaze*) sem leggur áherslu á neyslu í gegnum hið sjónræna þar sem ferðamaðurinn setur sig í hlutverk áhorfanda. Ferðamönnum er stýrt og beint að því sem þykir vert að sjá og því sé hegðun ferðamanna ekki hlutlaus heldur stýrð. Þegar ferðamenn fara t.d. í útsýnisferðir sjá þeir það sem þeim er ætlað að sjá, taka myndir og upplifa staðinn í gegnum það sem þeir sjá. Ferðamönnum er stýrt á sömu staðina og með tíð og tíma verður sá staður að vinsælum ferðamannastað ef allt fer eftir áætlun. Væntingar fyrir ákveðnum stað eru skapaðar af aðilum ferðabjónustu í gegnum markaðssetningu og af ferðamönnum sem heimsækja staðinn og miðla reynslu sinni áfram, t.d. í gegnum ljósmyndir sem þeir birta á samfélagsmiðlum (Urry, 1990). Urry (2002) segir að í kjölfar fjöldaferðamennsku hafi ferðamenn minnkað ferðalög til einsleitra staða sem líkjast heimaslóðum þeirra og sækjast þeir enn meira í eitthvað sem er ólíkt því sem þeir þekkja. Með auknum hreyfanleika og tækniþróun eru staðir farnir að líkjast hvor öðrum æ meira og því felist aukin verðmæti í því að búa yfir sjónrænni sérstöðu sem ferðamannastaður. Áður en við ferðumst á staðinn gerum við okkur væntingar til staðarins og leitum stöðugt eftir staðfestingu á þessum væntingum í gegnum t.d. ljósmyndir. Tökum Ísland sem dæmi, þegar leitað er af myndum frá Íslandi er áberandi einsleitni í niðurstöðunum, þar er áhersla lögð fjölbreytta náttúrufegurðina og oftar en ekki sést ekki neitt mannfólk á myndinni. Það gefur ferðamanninum sem hyggst ferðast til Íslands þá hugmynd að skuli hann heimsækja umræddan stað sé hann e.t.v. eini ferðamaðurinn á staðnum, að nokkrum hestum eða kindum undantöldum. Myndirnar staðfesta þannig fyrirframgefnar hugmyndir og væntingar ferðamannsins sem hafði ímyndað sér auðnina og náttúrufegurð landsins. Urry (1990) talar um túlkunarhringinn (e. *hermeneutic circle*) í þessu samhengi þar sem ferðamenn halda áhorfinu gangandi með iðkun á staðnum í gegnum endurframleiðslu ákveðinna ímynda af staðnum. Í dag á þetta helst við um myndir á samfélagsmiðlum sem geta tryggt velgengni ferðamannastaða til áraraða. Urry (1990) segir ferðamenn þannig gegna mikilvægu hlutverki í sköpun og myndun áfangastaða, ferðamannastaðir eru rými sem taka á sig ólíkar birtingarmyndir eftir því hvernig staðurinn er iðkaður af þeim sem ganga um hann og því hefur iðkun ferðamanna verið mikið rannsókuð (Edensor, 2001).

Urry (1990) hefur verið gagnrýndur fyrir að leggja ofuráherslu á áhorf í ferðamennsku umfram annarskonar skynjun á staðnum, aðra en þá sjónrænu. Það er mikilvægt að fjalla einnig um iðkun fólks á staðnum sem það ákveður að heimsækja, með athöfnum fólks í gegnum líkamann, tilfinningar, félagsleg samskipti, ímyndun og fleira. Með hreyfingu í gegnum ákveðið rými eru ólík rými tengd og ferðamaðurinn leitast við að skilja staðinn, þá vaknar tilfinning fyrir staðnum og andrúmslofti hans og yfirleitt styrkist menningarvitundin um leið (Chronis, 2015). Goffman (1990) telur ferðamenn setja sig í ákveðið hlutverk þegar þeir heimsækja staði líkt og um sviðssetningu sé að ræða, þar sem hreyfing ferðamannsins og líkami eru samofin í rými í gegnum samskipti og tengsl. Þetta styður við kenningu MacCannells (1976) hér að ofan um framhlið og bakhlið ferðamannastaða, þar sem ferðamenn leika ákveðið hlutverk á framsviðinu og hagar sér á annan hátt á bakvið tjöldin. Þessi hlutverkaleikur leiðir af sér formgerð og að samfélagslegar athafnir séu

iðkaðar meðal annars af sjálfum ferðamanninum og sviðsettar fyrir hann á ýmsan hátt eftir því hvernig ferðamaðurinn staðsetur sig á framsviðinu (Goffman, 1990). Iðkun staða getur einnig haft áhrif á framvindu staðarins, þar sem staðurinn þróast í samfloti við iðkun ferðamanna. Tim Edensor (2000) líkir ferðamönnum við leikara sem setja á svið margar sýningar fyrir ferðamenskuna og í því samhengi mótist staðurinn eftir því hvernig hann er iðkaður af þeim ferðamönnum sem taka þátt eða leika leikritið. Edensor (2001) bætir því við að ferðamannastaðir séu einnig mótaðir af pólitískum ástæðum, andlegum, menningarlegum og þjóðareinkennum svæðisins hverju sinni. Staðir sem verða að ferðamannastöðum geta breyst til muna eftir að staðurinn verður iðkaður og um leið verður staðurinn sviðsettur fyrir ferðamanninn og er í raun viljandi gerður að stað fyrir ferðamenn.

3 Myrkvaferðamennska

Á næturnar,
þegar ekkert er fyrir utan gluggan,
nema,
myrkur,

Endalaust myrkur.

Þá fer ég af stað í ferðalag.
Mér tekst að ferðast um allan heiminn
og ég sé allt.
Ég sé það sem ég vil sjá.
Einnig það, sem er vont og ég vil ekki sjá.

Hugurinn er fullkomnasta farartæki jarðar.
Með honum komust við milli heimsálfa

Á aðeins broti úr sekúndu.

(Höf: Draumadís)

3.1 Upphaf og skilgreiningar myrkvaferðamennsku

Myrkvaferðamennska hefur í sjálfu sér verið til í langan tíma þó svo að hugtakið yfir fyrirbærið hafi nýlega verið skilgreint af fræðimönnum. Fólk hefur ferðast til staða sem tengjast dauðanum, stríði, þjáningum eða öðrum hamförum í hundruðir ára. Gott dæmi um það hversu langt aftur í tímann hægt er að rekja þessa tegund ferðamennsku eru bardagar skylmingaþræla á tímum Rómverja, þegar fólk ferðaðist oft langar vegalengdir til þess að verða vitni að slíkum athöfnum (Stone og Sharpley, 2008). Í dag eru staðir sem teljast til myrkvaferðamennsku oftast en ekki vinsælir ferðamannastaðir, sem dæmi má nefna Ground Zero í New York, Auschwitz í Póllandi, Killing Fields í Kambódíu, Dýflissurnar í London og Alcatraz fangelsið í San Fransisco. Þeir Lennon og Foley (2000) voru fyrstir til að koma með hugtak sem skilgreindi ferðir sem tilheyra dauða, hamförum eða pyntingum þegar þeir settu fram hugtakið myrkvaferðamennska (e. *Dark tourism*). Í fræðum sínum nefna þeir að myrkvaferðamennska snúi ekki einungis að staðnum sjálfum og sögu hans, heldur að því hvernig framsetningu staðarins sé háttað og hvernig ferðamaðurinn upplifi sig á svæðinu. Aðrir fræðimenn sem hafa sett fram skýringar á hugtakinu eru þó ekki endilega sammála. Stone og Sharpley (2008) segja myrkvaferðamennsku felast í því að heimsækja staði sem geyma ýmist raunverulegar eða endurskapaðar aðstæður sem tengjast dauðanum eða öðrum harmleik sem hefur haft og mun áfram hafa áhrif á líf fólks. Fræðimenn hafa verið

ósammála um þýðingu hugtaksins myrkvaferðamennska um árabíl og hafa margar útskýringar á hugtakinu verið settar fram. Þar sem ýmsar skilgreiningar hafa litið dagsins ljós er hugtakið enn fremur vítt og er því ekki endilega hægt að útskýra á einn ákveðinn hátt.

Chris Rojek (1993) tengdi þýðingu hugtakins við „dökka bletti“ (e. *Black spots*) og var hann þónokkuð á undan Foley og Lennon (2000) að velta fyrir sér ferðum tengdum dauðanum. Rojek skilgreinir dökka bletti á þann hátt að þeir séu staðir þar sem frægir einstaklingar hafa látið lífið eða þar sem stórslys hefur átt sér stað og það er það sem dregur ferðamenn að ákveðnum svæðum. Það gætu verið staðir eins og Graceland þar sem Elvis Presley lést eða Ground Zero í New York þar sem tvíburaturnarnir féllu í hryðjuverkaárás. Skilgreining Rojek á myrkvaferðamennsku er í raun tvíþætt. Annars vegar þar sem fólk ferðast til staða sem tengjast dauðanum, þá er hægt að vísa til dánarreita hjá þjóðþekktum einstaklingum. Hins vegar þar sem fólk ferðast á staði þar sem sjálfur atburðurinn á sér stað t.d. hörmungar, stórslys eða aðrar hamfarir sem hafa nýlega gengið yfir. Slíka staði kallar hann tilfinningalega staði (e. *Sensation sites*), því staði sem þessa er hægt að heimsækja í huganum. Hann tekur dæmi um fólk sem ferðast til Auschwitz, þar sem einstaklingurinn þarf í raun ekki að ferðast á sjálfan staðinn heldur getur upplifað hann t.d. í gegnum sjónvarp (Rojek, 1993).

Seaton (1996) var hinsvegar ekki á sama máli og Lennon, Foley og Rojek og nefnir að myrkvaferðamennska eigi í raun mun lengri sögu en þeir vilja meina. Seaton (1996) setti fram hugtakið thanatúrismi (e. *Thanatourism*) sem ákveðna tegund ferðalaga sem fela í sér að komast nær dauðanum, annahvort í gegnum raunverulega snertingu eða táknræna. Ef við rýnum í orðin þá á *thana* rætur sínar að rekja til grískrar goðafræði, en *Thanatos* er í henni persónugervingur dauðans (Garland, 1985). Seaton (1996) vill meina að hægt sé að rekja sögu myrkvaferðamennsku aftur til miðalda þegar fólk ferðaðist á stríðsvæði. Hann telur hegðunarmynstur ferðamannsins og hvata hans til að ferðast á staði sem tilheyra myrkvaferðamennsku sé það sem ætti að skoða fremur en staðinn sjálfan (Seaton, 1996). Seaton (1996) talar um fimm gerðir thanatúrisma:

1. Sá sem ferðast til að verða vitni af dauða, t.d. aftökum
2. Sá sem ferðast til staða þar sem dauðsfall/dauðsföll urðu, t.d. Auschwitz
3. Sá sem ferðast til minnisvarða þeirra látnu, t.d. kirkjugarða
4. Sá sem ferðast til staða þar sem atburðir tengdir dauðanum eru sviðsettir eða endurleiknir, t.d. leikrit
5. Sá sem ferðast til staða sem bjóða upp á raunverulegar minjar tengdum dauða eða endurgerð þeirra, t.d. söfn

Í skirfum Bowman og Pezzullo (2009) má sjá að þeir skoða hugtakið myrkur í sambandi við ferðamennsku og vilja komast að því hvað raunverulega standi á bakvið hugtakið. Þeir telja að myrkur tengist öllum tegundum ferðamennsku á einn eða annan hátt, þó svo að sá hluti sé ekki alltaf sýnilegur ferðamönnum. Eins og komið var inn á áður hefur dauðinn orðið fjarlægari daglegu lífi fólks í nútímanum þar sem fólk eyðir nú oftár sínum síðustu dögum á spítölum eða inni á hjúkrunarheimilum. Því mætti hugsa hvort að myrkvaferðamennska sé að færa okkur nær dauðanum og á sama tíma að veita okkur aukinn skilning á fyrirbærinu. Það er jafnvel hægt að hugsa til þess að hvatar hjá sumum einstaklingum til að stunda myrkvaferðamennsku sé í þeim tilgangi að syrgja og ná að loka

ákveðnum kafla í eigin lífi með því að öðlast aukinn skilning á dauðanum. Á sama tíma eru þessir einstaklingar að leita sér að ákveðinni staðfestingu og eru jafnvel í leit að eigin tilgangi og kjarna (Cohen, 1996). Í þessu samhengi er einnig hægt að tengja þetta við hugmyndir MacCannells (1999) um sanngildi þar sem ferðamenn leitast eftir sannri reynslu þegar þeir ferðast til staða sem tengjast dauðanum á einn eða annan hátt.

Ef horft er t.d. til Íslands þurftu menn á árum áður að horfast í augu við dauðann oft en við þurfum að gera í dag. Vöggudauði, mikil fátækt og hungursneyð, sjúkdómar og farsóttir sóttu á landsmenn og hvorki var til tækni né aðrar lausnir við slíkum hörmungum. Ísland var eitt sinn eitt af fátækustu löndum Evrópu og í kringum 1402 lagðist Svartidauði yfir landið sem leiddi marga til dauða og þurrkaði út heilu þorpin (Gunnar S. Þorleifsson, 1982). Þegar einhver lét lífið þurfti fjölskyldan oft en ekki að ganga frá líkinu og jafnvel sofa í sama herbergi og látnir ástvinir sínir þar til frost fór úr jörðu svo hægt væri að jarða viðkomandi. Í dag er dauðinn okkur mun fjarlægari, algengara er að fólk láti lífið á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum og fagfólk hugsar um viðkomandi eftir andlát. Því mætti hugsa sér að hluti af hvata fólks til að ferðast á staði sem tilheyra myrkvaferðamennsku sé til þess að öðlast skilning og þakklæti á því sem það hefur heima, þar sem dauðinn er mörgum svo fjarlægð fyrirbæri.

3.2 Hvatar til myrkvaferðamennsku

Að framsögðu er ljóst að ekki er hægt að kasta fram einfaldri útskýringu á því hvers vegna fólk ferðast, hvað þá þegar kemur að því að rannsaka hvata þeirra sem stunda myrkvaferðamennsku. Eflaust eru þeir jafn margir og ferðamennirnir eru ólíkir. Í þessu samhengi er hægt að líta til skrifna Nielsen (2001), þar sem hann útskýrir ýti- og togkrafta þar sem utanaðkomandi og persónulegir þættir getað spilað stóran þátt. Tarlow (2005) segir þessa tegund ferðamennsku byggja að miklu leyti til á tilfinningum, sem dæmi má nefna þakklæti, auðmýkt, öryggi og þá tilfinningu að hafa það annaðhvort betra eða verr en aðrir. Svo eru það utanaðkomandi þættir líkt og t.d. fjölmiðlar, menntun og samfélagsmiðlar sem geta haft áhrif á ákvarðanatökufærlið. Auðvitað er oft um að ræða samspil af mögum þáttum. Fræðimenn hafa þó gert tilraun til þess að komast að því hverjir hvatar fólks séu til að stunda myrkvaferðamennsku og eru það helst þrjú atriði sem liggja þar að baki. Fyrst og fremst er það almenn forvitni, annars vegar arfleifð og að lokum byggir þessi gerð ferðamennsku á fortíðarþrá. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu ástæðum fólks til að ferðast til myrkra staða.

Það er í eðli okkar að hafa áhuga á því sem er óvenjulegt og fjarstætt, til að fullnægja einhverri forvitni og eflaust er það einn af helstu hvötum fólks til að heimsækja myrka staði (Uzzel, 1989). Við höfum mörg heyrt og lært um marga af þeim stöðum sem teljast til myrkrar ferðamennsku, ef við tökum seinni heimstyrjöldina sem dæmi. Þeir sem hafa verið í söguáfangi í skóla hafa eflaust lesið sér til um atburðina sem þar áttu sér stað og finna fyrir einhverskonar tengingu við atburðina. Eins á það við um bíómyndir og annað efni sem hefur verið skapað í kringum myrka atburði. Með því að ferðast á staðinn styrkir maður þau tengsl og kemst nær atburðinum. Eins og áður hefur komið fram hefur internetið og umtal fjölmiðla aukið áhuga fólks á hinum ýmsu stöðum víðsvegar um heiminn. Staðir sem flokkast undir myrka ferðamannastaði sem hafa einnig fengið umfjöllun í fjölmiðlum getur verið stór áhrifavaldur, þar sem fjöldinn á það oft til að stýra ákvörðunum fólks. Má því segja að hvati fólks geti ráðist af vinsældum meðal annarra ferðamanna. Einnig má horfa til þess að hvatinn sé í raun enginn, það er að segja að

ferðamaðurinn ferðast á stað í öðrum tilgangi en tilviljun gerir það að verkum að ferðamaðurinn stundi myrkvaferðamennsku án þess að það hafi verið ætlun hans frá upphafi. Ferðamaðurinn gæti einfaldlega ratað óvart á staðinn án þess að leggja leið sína þangað viljandi, hann var einfaldlega að heimsækja svæðið í kring. Almenn forvitni er eflaust einn stærsti hvati myrkvaferðamennsku, þar sem það óvenjulega getur vakið forvitni og áhuga meðal ferðamanna sem einfaldlega vilja safna í reynslubankann.

Arfleifðarferðamennska hefur lengi verið vinsæl tegund ferðamennsku, þá ferðast fólk til að kynna sér sögu og menningu staðarins til þess að reyna að mynda tengsl við staðinn sem heimsóttur er. Viðkomandi gæti haft ákveðna tengingu við staðinn sem er heimsóttur, t.d. eftir að hafa lesið um hann í blöðum eða lært um hann í skóla, eða í gegnum persónuleg tengsl. Algengt er að þeir sem hafa misst einhvern nákominn sér eða þeir sem búa yfir einhverri tengingu við sorglega atburði vilji mynda sterkari tengsl við arfleifð sína eða votta virðingu sína gagnvart einhverjum með því að heimsækja staðinn þar sem atburðurinn átti sér stað, eða með því að heimsækja safn sem minnst atburðanna (Rojek, 1993). Dæmi um slíkt gætu verið vinir og vandamenn þeirra sem létust í hryðjuverkaárásinni í tvíburaturnunum í New York 11.september árið 2001. Þangað leggja margir leið sína hvaðan æva af til að votta þeim látnu virðingu sína, byggja upp arfleifð og styrkja sjálfsmynd sína með því að komast nær uppruna sínum (Hudman & Jackson, 1992). Smith (2006) vill meina að staður sé þó ekki arfleifð nema að eitthvað eftirminnilegt hafi þar gerst og jafnvel sé staðurinn sjálfur ekki orðinn að arfleifð heldur sjálfur atburðurinn. Erfitt gæti reynst að leggja mat á hvað teljist eftirminnilegt og hvað ekki, en gagnlegt er þó að hafa þetta í huga. Söfn eru stór hluti arfleifðarferðamennsku og einnig stór hluti myrkvaferðamennsku, þar sem markmiðið er að halda utan um sögu og/eða minjar frá ákveðnum atburðum. Atburðir fortíðarinnar verða þar af leiðandi að verðmætum nútímans (Smith, 2006). Þannig eru þeir sem heimsækja söfn sem minnast látinna eða ákveðins harmleiks um leið að stunda myrkvaferðamennsku.

Þegar einstaklingar horfa aftur í tímann er misjafnt hvaða tilfinning vaknar, hjartað getur fyllst af hlýju yfir öllum góðu minningunum eða fyllst af sorg og söknuði. Það hefur verið sagt að til þess að skilja hvernig myrkvaferðamennska virkar verði maður að geta tengt hana við fortíðarþrá (Tarlow, 2005). Ferðamaður sem býr yfir fortíðarþrá fer í menningar- og ættjarðarmiðuð ferðalög í leit að tilvistarlegum þáttum sem gerst hafa í fortíðinni og í tengslum við myrkvaferðamennsku eru það yfirleitt atburðir sem tengjast dauða, sorg eða öðrum harmleik (Cohen, 1996). Myrkvaferðamennska leyfir okkur að komast sem næst atburðunum án þess að fá að endurupplifa þá. Rojek (1993) tekur kirkjugarða sem dæmi þar sem fólk heimsækir látna ástvini til að komast sem næst því að endurupplifa liðna tíð með þeim sem það elskaði.

3.3 Sviðsetning staða

Á flestum ferðamannastöðum er hægt að koma auga á sviðsetningu af einhverju tagi, þ.e. einhverskonar leiðbeiningar um það hvers kyns hegðun sé æskileg á umræddu svæði. Sem dæmi má taka söfn og skemmtigarða þar sem er að finna ákveðnar takmarkanir sem leiða af sér hegðunarmynstur af einhverju tagi svo að ferðamenn viti hvaða athafnir eru við hæfi hverju sinni (Edensor, 2001). Lennon og Foley (2000) telja að framsetning staða innan myrkvaferðamennsku sé það sem setur staðinn undir þessa tegund ferðamennsku, á sama tíma er það einnig upplifun og iðkun ferðamannsins sem hefur áhrif á staðinn. Staðir mótast í raun eftir persónulegum þörfum ferðamannsins miðað við hversu oft eða hve

mikið hann er iðkaður. Staðurinn getur því stöðugt verið að taka breytingum og jafnvel breyst samhliða þörfum ferðamanna. Með iðkun eru ferðamenn að endurskapa staðinn sem verður til þess að hann á erfitt með að fullmótast sökum sífelldrar þróunar (Edensor, 2001). Þrátt fyrir að Seaton (1996) beini athyglinni frá staðnum og að ferðamanninum er mikilvægt að átta sig á mikilvægi framsetningar staðarins og að ferðamenn séu ekki einu gerendurnir í mótun ferðamennsku á staðnum. Það er alltaf um eitthvað samspil iðkunar og framsetningar eða sviðsetningar að ræða sem mikilvægt er að skoða til að skilja þróun myrkvaferðamennsku á staðnum.

Ef litið er til Íslands er hægt að sjá dæmi um sviðsetningu á gosminjasýningu í Vestmannaeyjum sem kallast Eldheimar, sýningin á að miðla fróðleik til fólks um eldgosíð sem átti sér stað þar árið 1973. Á sýningunni gefst ferðamönnum tækifæri til að upplifa þennan atburð þar sem gamlar rústir frá gosinu hafa meðal annars verið grafnar upp (Eldheimar, á.á.). Slíka uppsetningu má víða sjá innan myrkvaferðamennsku, þar sem hörmungar á borð við náttúruhamfarir hafa átt sér stað og hugsa má til þess að slíkir staðir væru eflaust ekki ferðamannastaðir ef sviðsetning væri ekki til staðar þar sem ferðamenn fá að upplifa atburðinn í nútímanum. Ferðamannastaður verður í raun ekki staður ferðamanna fyrr en staðurinn er gerður að ferðamannastað. Til að laða að fólk er staðurinn kynntur í gegnum auglýsingar, ferðahandbækur, bæklinga eða í gegnum miðla á internetinu (Chronis, 2015).

4 Um rannsóknina

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru við rannsóknina. Greint verður frá því hvernig val á viðmælendum var háttað og hvernig undirbúningur fyrir viðtölin fór fram. Þar á eftir verður farið yfir það hvernig gagnaöflun gekk fyrir sig og hvernig unnið var úr gögnunum

4.1 Val á rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn var stuðst við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Einkenni eigindlegra rannsókna eru að þær eru heildrænar og byggja á aðleiðslu þar sem rannsakendur passa upp á að hafa ekki áhrif á svör þátttakenda með neinu móti (Bryman, 2016). Með eigindlegum rannsóknum er markmiðið að kafa dýpra og fá betri innsýn inn í viðhorf fólks með því að reyna að skilja skoðanir viðkomandi. Aðferðir sem falla undir flokk eigindlegra rannsóknaraðferða eru m.a. þátttökuathuganir, rýnihópaviðtöl og djúpvíðtöl (Esterberg, 2002). Í þessari rannsókn var notast við djúpvíðtöl.

Þessi rannsókn byggir á aðferðum grundaðar kenningar (e. *Grounded theory*). Í stuttu máli snýst grunduð kenning um að leitast eftir því að þróa kenningu út frá gögnum rannsóknarinnar, frekar en að halda af stað í rannsóknina með ákveðna kenningu eða tilgátu í huga. Með nálgun grundaðrar kenningar er því markmiðið að uppgötva eða þróa kenningar í gegnum ferli rannsóknarvinnunar (Bryman, 2016). Við lögðum af stað með ákveðna hugmynd í huga, að rannsaka hvata fólks til þess að stunda myrkvaferðamennsku og kanna upplifun þeirra en höfðum ekki fullmótaða rannsóknarspurningu þar til að viðtölum loknum.

4.2 Val viðmælenda og gagnaöflun

Í þessari rannsókn var stuðst við djúpvíðtöl við einstaklinga sem höfðu stundað myrkvaferðamennsku. Viðmælendur voru valdir með markvissu úrtaki (e. *Purposive sampling*) þar sem fyrirframgefnar forsendur ráða vali á viðmælendum (Bryman, 2016). Þessi aðferð þótti henta rannsókninni vel til þess að fá dýpri skilning á viðfangsefninu. Í þessu tilfelli þurfti viðkomandi að hafa upplifað einhverja tegund af myrkvaferðamennsku til þess að auka skilning rannsakenda á viðfangsefni rannsóknarinnar. Tekin voru viðtöl við sex einstaklinga sem allir höfðu stundað myrkvaferðamennsku.

Áður en að viðtölin hófust var búinn til viðtalsrammi (sjá viðauka) sem innihélt opnar spurningar um viðfangsefnið svo að viðmælendur gætu haft svigrúm til að tjá sig um sína upplifun án þess að rannsakendur væru of bundnir ákveðnum spurningalista (Bryman, 2016). Helst var notast við samskiptaforritið Facebook til þess að ná tali af viðmælendum svo hægt væri að ákveða tíma og staðsetningu en reynt var að koma því í kring að viðkomandi kæmi með hugmynd að fundarstað sem hentaði honum best. Þar sem meirihluti viðmælenda voru námsmenn við Háskóla Íslands reyndust byggingar háskólans oftast besti kosturinn nema hvað varðaði tvö viðtalanna þar sem viðmælendi bauð rannsakendum heim í annað skiptið og í hitt skiptið fór viðtalið fram á kaffihúsi í miðbænum. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 23. október til 15. nóvember 2018. Í upphafi hvers viðtals var kynntur lítill formáli sem átti að gefa viðmælendum betri innsýn inn í

viðfangsefni rannsóknarinnar, þar að auki var fengið leyfi fyrir upptöku og á sama tíma var greint frá því að viðtalið væri tekið í fullum trúnaði og undir nafnleynd.

Trúnaðarregla (e. *Principle of trust*) er ein þeirra reglna sem tengist rannsóknarsíðfræði þegar kemur að eigindlegri aðferðafræði. Nöfnum viðmælenda var breytt til þess að halda trúnaði við viðmælendur sem allir kusu að nafn þeirra yrði ekki getið í rannsókninni (Bryman, 2016). Hér að neðan má sjá nöfn viðmælenda, aldur og stöðu á vinnumarkaði. Vert er að taka fram að nöfnin hér að neðan eru ekki sönn.

Viðmælendur:

- Jóna, 23 ára námsmaður.
- Kristín, 23 ára námsmaður.
- Gunnhildur, 23 ára námsmaður.
- Marta, 20 ára á vinnumarkaði.
- Vilhjálmur, 26 ára á vinnumarkaði.
- Birkir, 24 ára námsmaður.

Þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að hafa stundað myrkvaferðamennsku af einhverju tagi.

4.3 Greining og úrvinnsla gagna

Greining gagna hófst strax að loknu fyrsta viðtali enda einkennist grunduð kenning af því að hefja greiningu á gögnum á meðan gagnaöflun stendur enn yfir til að hafa áhrif á gagnaöflun síðar í ferlinu (Bryman, 2016). Að hverju viðtali loknu skrifuðum við niður ýmsar hugleiðingar sem komu upp þá stundina, á meðan viðtalið og tilfinningar sem vöknudu á meðan því stóð voru enn ferskar í minninu. Þar á eftir hófst afritun á viðtalinu.

Því næst tók við kóðun á viðtölunum. Markmið kóðunar er að draga fram lykilþemu viðtalsins og er góð leið til að öðlast betri skilning á innihaldi hvers viðtals. Hér var notast við opna kóðun en alls eru til þrjú flokkar kóðunar: opin kóðun (e. *Open coding*), öxulkóðun (e. *Axial coding*) og markviss kóðun (e. *Selective coding*). Það sem einkennir opna kóðun er ítarleg yfirferð á viðtalinu með það markmið að finna tengingar og þemu í textanum, því næst eru þau atriði sem eiga eitthvað sameiginlegt pörðu saman og kóðar búnir til. Þannig gengur það koll af kalli þar til nokkrir slíkir kóðar hafa verið búnir til og ákveðið flokkunarkerfi verður til. Séu kóðarnir margir eru oft búnir til undirþemu til einföldunar (Esterberg, 2002). Þau lykilþemu sem komu fram við kóðun á viðtölunum voru sex talsins: hvatar ferðalags, væntingar, forvitni, arfleidd, upplifun og tilfinningar. Niðurstöðurnar sem fara hér á eftir byggja á þeim þemum sem kóðunin leiddi í ljós og í umræðum eru þær settar í samhengi við fræðilega umfjöllun.

5 Niðurstöður

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar settar fram. Fjallað verður um ástæður sem liggja að baki heimsókna viðmælenda á myrka staði og upplifun þeirra af staðnum, hvaða væntingar þeir höfðu til staðarins, hvað þeir gerðu þegar á staðinn var komið og þær tilfinningar sem tengdust heimsókninni.

5.1 Hvatar til ferðalaga með tilliti til myrkvaferðamennsku

Flestir viðmælenda höfðu svipaðar ástæður til þess að vilja ferðast, margir sögðust ferðast til þess að víkka sjóndeildarhringinn, styrkja sjálfsmyndina, kynnast ólíkum menningarheimum og fá frí frá hversdagsleikanum á litla Íslandi. Þegar viðmælendur voru spurðir hvers kyns ferðir þeir færu í voru margir sammála um að þeir færu helst í tvær tegundir ferða, annars vegar ferðir til afslöppunar eða skemmtunar og hins vegar ferðir til að skoða og kynnast nýrri menningu. Á þessum tímapunkti viðtalsins voru allir sammála um að myrkvaferðamennska félli undir seinni tegundina, þ.e. menningarferðir.

Þegar spurt var hvers vegna viðkomandi stundaði myrkvaferðamennsku voru svörin fremur fjölbreytt og mismunandi hvatar lágu að baki ferðalags hvers og eins. Allir viðmælendur að einum undanskyldum, höfðu ekki ákveðið fyrirfram að heimsækja þann myrka stað sem þau heimsóttu. Þ.e.a.s. einungis einn viðmælendi, Birkir, ákvað áður en haldið var af stað í ferðalagið að hann ætlaði að heimsækja Auschwitz. Birkir sagði að ákvörðunin um að fara hafi verið tekin snemma og útskýrir jafnframt ástæðuna:

Áður en við förum í þessa ferð, þá settum við niður punkta sem við vildum skoða og Auschwitz kom frekar snemma á þennan lista. Það var bara vegna þess að við höfðum tækifæri á því að fara. Þetta er svo fjarlægt okkur, við erum hérna á Íslandi bara 25 ára, og þetta er svo fjarlægt okkur og því sem við þekkjum, en það er samt svo stutt síðan og nálægt okkur. Og okkur langaði í rauninni bara að þekkja söguna betur, hvað gerðist og hvernig það gerðist. Ég held að það hafi verið svona aðal hvatningin.

Allir hinir viðmælendurnir áttu einfaldlega leið hjá og fengu hugdettuna á meðan ferðalaginu stóð. Tveir viðmælenda, Kristín og Gunnhildur, heimsóttu sína staði í vísindalegum tilgangi. Kristín fór til Armeníu á ráðstefnu vegna vinnu og Gunnhildur fór til Ísrael á vegum Háskóla Íslands að taka þátt í fornleifauppgreftri. Kristín vissi af þjóðarmorðunum sem framin voru í Armeníu áður en hún hélt af stað og sagðist hafa haft áhuga á því að skoða aðstæður þar í landi vegna þess að hún ætti leið hjá, en að eigin sögn hefði hún ekki farið þangað á eigin vegum. Hún segist þó þakklát því að hafa heimsótt staðinn og útskýrir jafnframt hvers vegna hún hefur áhuga á því að ferðast til sambærilegra staða:

Ég vil læra og sækjast í eitthvað sem er ólíkt. Hér [á Íslandi] er friður og ég vildi sækjast í einhverjar krefjandi aðstæður af því mig langaði að setja sjálfa mig í

krefjandi aðstæður og mig langaði að kynnast einhverri menningu sem er gjörólik minni eigin.

Gunnhildur var stödd í Ísrael vegna skóla og ákvað í frítíma sínum þar í landi að heimsækja Palestínu „*bara til þess að geta sagst hafa farið þangað*“ og talar í framhaldi um slík ferðalög sem „*edgy eða kúl, en ekki bara að fara og sitja á ströndinni heldur til að hafa einhverja sögu að segja*“ þegar heim er komið.

5.1.1 Forvitni

Allir viðmælendur minntust á að forvitni hefði spilað stóran þátt í ákvarðanatökufuferlinu. Marta lýsti því sem svo: „*Mig langaði bara alltaf að sjá meira, ekki vera föst á þessu litla landi í litilli búbbli*“. Allir viðmælendurnir voru sammála henni um að langa að sjá og vita meira með því að ferðast um heiminn. Kristín var með svipaða sýn og útskýrði hana á greinargóðan hátt þegar hún lýsir því hvers vegna henni fannst áhugavert að heimsækja Armeníu:

Ég er forvitin og vil vita af hverju hlutir eru eins og þeir eru. Það er eitt að lesa um hluti í bókum en það er allt annað að fara og upplifa það, vera þar, sjá umhverfið [...], þessi orka og skynja hana, það er miklu sterkari upplifun en að opna einhverja bók eða dagblað og lesa gamla grein um það. Auðvitað getur maður aldrei farið í fortíðina, en samt sem áður getur maður komist aðeins nær henni með því að fara á staðinn og setja sig í spor annarra.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir gætu gert sér í hugarlund hvers vegna annað fólk stundi myrkvaferðamennsku komu Birkir og Gunnhildur bæði inn á að forvitni ætti þátt í því að fólk ferðist á slíka staði og sagði Birkir:

Ég held að það sé forvitni, kannski mikið af venjulegu fólki, bara eðlilegt fólk, sem myndi aldrei gera einhverja svona hluti, þá að fara á svona stað og sjá hvað það er virkilega mikil mannvonska til. Þetta opnar nýja vídd á hlutina, þú sérð þá í alveg nýju ljósi, þegar þú ferð eitthvert sérðu endilega ekki neitt slæmt en svo ferðu á svona stað og áttar þig á því að það er til fólk sem getur gert svona hluti.

Gunnhildur hélt því fram að fólk væri í leit að tilbreytingu og vildi hafa einhverja sögu að segja þegar ferðalagið væri á enda og kysi þess vegna að stunda myrkvaferðamennsku. Jóna sagðist hins vegar ekki getað sagt hvað liggi að baki ferðalagi annarra en reiknaði þó með að því að það gæti svipað til hennar ástæðu sem var „*að sjá söguna í raunveruleikanum, skoða aðstæður og fá kannski að heyra meira*“. Í viðtölum Jónu og Gunnhildar skein í gegn forvitnin um að fá að skoða og fræðast um staðina sem þær heimsóttu því þær hefðu áhuga á stöðum sem hafa einhverja sögu að geyma.

5.1.2 Arfleifð

Söfn eru stór hluti arfleifðarferðamennsku og þar af leiðandi myrkvaferðamennsku eins og komið var inn á hér að ofan. Með varðveislu sögulegra minja og staða er fólki gert kleift að komast nær sögunni. Staðirnir sem viðmælendur heimsóttu voru ekki beint hefðbundin tegund safna, eins og t.d. Þjóðminjasafnið þar sem minjagripum hefur verið stillt upp fyrir almenning. Viðmælendur heimsóttu allir sjálfan staðinn þar sem atburðurinn átti sér stað. Á flestum stöðum, eins og t.d. Í Auschwitz og á Killing Fields sem margir viðmælenda

heimsóttu, var þó búið að búa staðinn undir straum ferðamanna. Þar var búið að girða ákveðin svæði af til varðveislu og fólki stýrt um svæðið og á vissan hátt stjórnað hvað fólk myndi sjá.

Aðspurðir hvers vegna viðmælendur vildu heimsækja staði með myrka fortíð sem þessa voru allir á því máli að það væri að hluta til, ef ekki einungis, af þeirri ástæðu að staðurinn hefði svo mikla sögu sem þeir vildu votta virðingu sína. Kristín orðaði það svo:

Það er náttúrulega svo mikil saga á þessum stöðum, mikil sorg og miklar tilfinningar þar sem margir hafa komið að, það er svo mikil hlaðin orka einhvern veginn. Þannig að mér finnst mikilvægt að fara þangað og sýna staðnum virðingu og samúð. Þetta er svolítið eins og þegar einhver lendir í einhverju slæmu, þá fer maður og knúsar manneskjuna og segir: „ég samhryggist“. Þetta er svolítið það sama, að fara á staðinn og hugsa: „ég samhryggist því sem hefur hér átt sér stað“.

Vilhjálmur, sem heimsótti Killing Fields í Kambódíu, lýsti yfir óánægju að hafa ekki vitað meira um staðinn fyrir heimsóknina, sem og ósætti sínu gagnvart menntaskólum að hafa ekki kennt meira um myrka atburði líkt og Killing Fields: „*Það var held ég ein blaðsíða í Versló um þennan stað*“. Marta, sem heimsótti sama stað, lýsti einnig yfir óánægju sinni að hafa ekki vitað af staðnum fyrir heimsóknina. Hún hringdi í foreldra sína sama dag og furðaði sig á því að hafa ekki vitað af staðnum, spurði hvort þau vissu af þessu og var að eigin sögn „*brjáluð í skapinu yfir þessu*“. Vilhjálmur og Marta gáfu bæði sterklega í skyn að þessi saga ætti að fá mun meiri athygli en hún virðist hafa fengið, allavega á Íslandi, sérstaklega í ljósi þess að það sé svona stutt síðan atburðirnir áttu sér stað.

Marta var stödd í Kambódíu og ákvað þegar þangað var komið að heimsækja Killing Fields. Hún vildi meina að enginn myndi ákveða fyrirfram að heimsækja slíkan stað nema viðkomandi myndi hafa brennandi áhuga á sögu staðarins. Hún segist annars aldrei hafa heyrt neinn segjast vilja heimsækja sambærilegan stað nema fyrir tilviljun, líkt og gilti um hennar tilfelli. Viðmælendur sem höfðu t.d. heimsótt Auschwitz þekktu söguna sem lá að baki og vildu fræðast meira um staðinn með því að heimsækja hann. Jóna talaði m.a. um að hafa lært mikið um seinni heimstyrjöldina alla sína skólagöngu og þar að auki farið í valáfanga í menntaskóla sem bar heitið Þjóðarmorð. Hún hafði því raunverulegan áhuga á atburðum staðarins og sá alls ekki eftir því að hafa heimsótt hann:

Nei, ég sé ekki eftir því að hafa heimsótt Auschwitz, mér finnst ótrúlega mikilvægur hluti af þessari sögu að varðveita þetta, [...] með því er það í raun áminning um það hversu slæmt ástandið var. Og þess vegna held ég að það sé svo mikilvægt.

5.2 Væntingar

Væntingar viðmælenda til staðanna sem þeir heimsóttu voru mismunandi, þeir skiptust í raun í tvær fylkingar: þeir sem höfðu litlar eða engar væntingar og þeir sem höfðu fyrirframgefnar væntingar. Gunnhildur ferðaðist til Ísrael og var með ákveðnar væntingar til landsins áður en ferðalagið hófst, þar sem Ísrael hefur verið umfjöllunarefni í heimsfréttum um áraraðir. Þegar hún kom loks á staðinn sagði hún ástandið þar vera „*meira alvörunni en ég hélt, ég hélt að þetta væri ekki eins áberandi*“. Aftur á móti hafði Villhjálmur engar væntingar til Killing Fields og sagði: „*Ég vissi ekki að þetta væri svona*

rosalega sorglegt, ég hafði aldrei heyrt um neitt af þessu ég var náttúrulega bara 20 ára á þessum tíma og hafði engar væntingar fyrir þessu“.

Þeir viðmælendur sem heimsóttu Auschwitz voru e.t.v. með mestu væntingarnar fyrir staðnum. Það kom þeim í raun báðum á óvart hversu lítið þau vissu um staðinn þegar þangað var komið. Birkir upplifði staðinn svona: „Maður vissi bara að Auschwitz væru búðirnar þar sem þetta gerðist, maður var með ákveðna mynd í hausnum af þessu, eins og maður hafði séð t.d. í bíómyndum“. Sömu sögu hafði Jóna að segja: „Ég hélt ég myndi vita allt þegar ég kæmi á staðinn en svo var þetta allt öðruvísi þegar ég kom þangað“. Þau voru bæði á því máli að þetta hefði verið allt öðruvísi en þau bjuggust við, þrátt fyrir að vita bæði mjög mikið um staðinn. Þeim fannst staðurinn óhugnanlegri en þau hefðu haldið og minnst bæði á að eignir fórnarlamba á borð við hrúgur af hári fórnarlamba, gleraugu og fleira hefðu vakið mikinn óhug.

Það var gegnumgangandi í viðtölunum að viðmælendur hefðu mismunandi væntingar sökum mismikils undirbúnings fyrir ferðalagið, sumir voru fróðir um sögu staðarins en aðrir vissu jafnvel ekkert og höfðu þá á sama tíma minni væntingar en hinn hópurinn.

5.3 Iðkun og upplifun

Flestir viðmælenda voru í skipulögðum ferðum á staðnum sem heimsóttur var, allir nema Kristín sem heimsótti Armeníu en hún tók einmitt fram að henni „*finnst langbest að labba um staði og kynnast stemmingunni þannig [...], heilsa fólki og kíkja á fólkið*“. Þeir viðmælendur sem heimsóttu Auschwitz og Killing Fields fóru í skipulagðar ferðir um staðinn með leiðsögumanni, en það er meirihluti viðmælenda. Þeir sem heimsóttu Killing Fields fengu leiðsögn í gegnum heyrnartól um leið og þau gengu um svæðið í tuttugu manna hóp. Þeir sem heimsóttu Auschwitz voru í minni hópum með leiðsögumann sem lýsti fyrir þeim því sem fyrir augu bar. Aðspurð hvort þau hefðu tekið myndir á staðnum svöruðu allir neitandi og Birkir tók fram að „*maður þyrfti að vera frekar vitlaus til þess að gera það, fara að taka einhverjar selfs, því það er svakalega þungt yfir öllum þarna*“. Um leið gáfu aðrir í skyn að almennt hefði fólk ekki verið að taka myndir á þessum stöðum til þess að sýna ekki vanvirðingu.

Ákveðnar tilfinningar vöknudðu hjá öllum viðmælendum þegar myrkir staðir voru heimsóttir, þá aðallega ein tilfinning: sorg. Marta var ein af þeim viðmælendum sem heimsótti Killing Fields og kom inn á að þessi dagur hafi verið sá „*versti í allri reisunni*“ og hafi tekið mikið á andlegu hliðina. Alls kyns tilfinningar vöknudðu þegar hún heimsótti staðinn og aðspurð hvernig henni leið á svæðinu svaraði hún svo:

Bara mjög illa, ég var grátandi, ég var ein fyrir framan fólk sem ég hafði aldrei hitt en það voru einhvern veginn allir þannig. [...] það voru allir rosalega litlir í sér því þetta var svo ógeðslegt.

Allir viðmælendur fundu fyrir því þegar þeir heimsóttu stað sem tengdist myrkvaferðamennsku að ýmsar tilfinningar létu á sér bera og þá sérstaklega tilfinningar tengdar sorg. Tilfinningar sem þau hefðu kannski ekki endilega upplifað á öðrum ferðalögum sem viðmælendur vísuðu oft til sem skemmtiferða. Þegar viðmælendur voru spurðir hvaða tilfinningar vöknudðu þegar þeir litu til baka voru það oftast sömu tilfinningar og daginn sem heimsóknin fór fram, þau fundu þó ekki fyrir eftirsjá að hafa heimsótt

staðinn þó svo að það hafi verið erfitt tilfinningalega. Marta segir m.a.: „Ég er mjög glöð að ég fór, af því þetta er alveg mikil lífsreynsla, og eitthvað sem er gott að vita af“. Nokkrir viðmælendur fundu líka fyrir reiði. Þá sérstaklega vegna þess að þeir höfðu ekki verið upplýstir um atburði staðarins af eigin samfélagi eins og var komið inn á hér að ofan þegar Marta hringdi brjáluð í foreldra sína og Vilhjálmur undraði sig á því að skólabækur hefðu lítið fjallað um atburðina.

Aðrir viðmælendur fundu fyrir stressi og sögðu það stafa af því að þeir hefðu kynnt sér sögu staðarins. Jóna nefndi að henni fyndist hún mjög meðvituð um að hún væri á sama stað og þetta gerðist fyrir mörgum árum þegar hún heimsótti Auschwitz og sagðist hafa fundið fyrir stressi og fengið gæsa húð við tilhugsunina. Birkir talaði einnig um að hafa fundið fyrir ónotatilfinningu þegar hann kom loksins á staðinn sem hann vissi svo mikið um og sagðist hafa fengið „veruleikasjokk“ þegar hann mætti til Auschwitz.

Þegar Kristín fór til Armeníu upplifði hún staðinn eins og að lítil þróun hafði átt sér stað. Hún fann fyrir spennu í loftinu, eins og eitthvað mikið hefði gerst þarna og á sama tíma fann hún fyrir samúð með heimamönnum. Kristín útskýrði tilfinninguna sem svo:

Stemmingin er eins og að eitthvað væri að fara að gerast eða eitthvað væri nýbúið að gerast, þó það væru náttúrulega 100 ár síðan morðin voru. En það er samt ennþá, maður finnur fyrir svolítilli, ég veit ekki, sorg eða einhverju andrúmslofti.

Kristín nefndi einnig:

Maður skynjaði svona: „Ok hérna hefur verið eitthvað líf og eitthvað gerst, en það er ekki hérna lengur“, ég myndi segja sorg. Þegar maður var að tala við fólkið frá Armeníu þá fékk maður svona samúð einhvern veginn með þeim og maður fann að þau áttu ótrúlega mikla sögu. Maður finnur að það er sorg í þjóðfélaginu ennþá.

Vilhjálmur var á sama máli og Kristín eftir sína heimsókn til Kambódíu, þar sem hann fann fyrir samúð með heimafólki eftir að hann fræddist um sögu landsins þegar hann skoðaði Killing Fields.

6 Umræður

Í upphafi þessarar ritgerðar var lagt upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar: *Hverjir eru hvatar fólks til að stunda myrkvaferðamennsku og hver er upplifun fólks af myrkum áfangastöðum?* Í þessum kafla veltum við þessum spurningum fyrir okkur í samhengi við fræðilega umfjöllun út frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

6.1 Hvatar

Viðmælendur sögðust ferðast til þess að komast frá hversdagsleikanum, sem tengist upplifunarháttum Cohens (1996) þar sem hann talar um tegund ferðalaga sem hann kallar endurnærandi reynslu, en það er einmitt þegar fólk sækist eftir flóttu frá hversdagsleikanum og sá flótti er innri þörfin sem ýtir þeim af stað í ferðalagið (Nielsen, 2001). Viðmælendur voru sammála um að þeir færu í tvenns konar ferðir eftir tilgangi ferðarinnar, annaðhvort væru það skemmtiferðir til afslöppunar eða ferðir tengdar menningu og sögðu myrkvaferðamennsku falla undir menningarferðir. Þeir sögðust fara í menningarferðir til að auka vitneskju sína, bæði menningarlega og til að styrkja sjálfsmyndina og þar ætti myrkvaferðamennska vel við. Á sama tíma væri tilgangurinn einfaldlega að sjá meira af heiminum sökum forvitni. Í niðurstöðum kom í ljós að allir nefndu að forvitni væri helsti hvati þeirra til að stunda myrkvaferðamennsku.

Tilviljun getur gert það að verkum að fólk stundi ómeðvitað myrkvaferðamennsku. Í niðurstöðum kom fram að hluti viðmælenda heimsótti staðinn einungis vegna þess að svo vildi til að þau væru á svæðinu. Það átti sérstaklega við um þá sem voru í heimsreiðu. Framboð til afþreyingar á þeim stöðum sem voru heimsóttir gat verið af skornum skammti, eins og t.d. í Kambódíu, þar sem báðir viðmælendur tóku fram að það væri lítið annað að skoða en Killing Fields og þess vegna slógu þau til. Álykta má að einhver hluti ferðamanna láti tilviljun ráða því hvort stunduð sé myrkvaferðamennska eða ekki og má gera ráð fyrir að það sé algerlega ómeðvitað í sumum tilfellum.

Hægt er að tengja svör viðmælenda við kenningu MacCannells (1999) um sanngildið þar sem hann talar um að vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Í niðurstöðum kom í ljós að þeir sem höfðu kynnt sér sögu staðarins fyrir heimsóknina voru líklegri til að vilja verða virkur hluti af samfélaginu. Þá kom einnig í ljós að hluti viðmælenda var að leitast eftir því að kynnast sjálfum sig betur í gegnum ferðalagið. Sjá mátti á niðurstöðum að ákveðnir viðmælendur voru að reyna að styrkja sjálfsmynd sína með það í huga að aðrir myndu fréttu af heimsókninni og þar af leiðandi mynda sér breytta skoðun á viðkomandi. Samanber hugmyndir MacCannells (1999) um hvernig umhverfið sé að breytast og það gæti leitt til þess að við leitumst eftir uppruna okkar og leggjum enn meiri áherslu á að styrkja sjálfsmyndina. MacCannell (1999) kemur inn á að fólk sé að missa tengsl við samfélag sitt og hefur þess vegna þróað með sér meiri áhuga á lífi annarra, en niðurstöður þessarar rannsóknar voru ekki á þann veg.

6.2 Upplifun

Út frá niðurstöðum má álykta að myrkvaferðamennska sé ólík öðrum tegundum ferðamennsku, með tilliti til kenninga MacCannells (1999) um framhlið og bakhlið ferðamannastaða. Það virðist sem svo að ekki sé sköpuð tilfinning fyrir því að bakhlið sé til staðar, þó svo að viðmælendur hafi verið undir leiðsögn á svæðinu, eins og t.d. í Auschwitz þar sem vissulega var búið að ákveða hvað ætti að sýna og hvað ekki, líkt og ferðamannaáhorf Urrys (1990) vísar til. Heldur er verið að skapa þá tilfinningu að ferðamaðurinn fái að komast á bakvið framhliðina og upplifa sanngildi staðarins miðað við frásögn viðmælenda. Í niðurstöðum kom einnig í ljós að viðmælendum þótti mikilvægt að staðir sem tilheyra myrkvaferðamennsku yrðu varðveittir á þann hátt sem þeir eru, með það í huga að getað miðlað vitneskju til komandi kynslóða. Þetta á vel við hluta af kenningu MacCannells (1999) þar sem hann nefnir að ein ástæða ferðalaga sé til þess að komast nær fortíðinni í leit að eigin uppruna.

Víða á þeim myrku stöðum sem voru heimsóttir var um uppsetningu á fyrri atburðum að ræða, e.t.v. ekki nægilega uppsetningu til þess að kalla mætti staðinn safn en nægilega mikla til þess að gestir gætu komist nær því að endurupplifa fyrri atburði (Chronis, 2015). Þegar horft er til þeirra viðmælenda sem heimsóttu Killing Fields í Kambódíu fóru allir í skipulagðar ferðir um svæðið þar sem upplifun ferðamannsins var stjórnað og má því segja að ferðamennirnir hafi iðkað staðinn á mjög svipaðan hátt. Á sama tíma verða þau einnig fyrir áhrifum frá þeim sem leiðir þá í gegnum svæðið þar sem frásögn hvers og eins leiðsögumans getur verið mismunandi (Edensor, 2001). Edensor (2001) talar um það hvernig við setjum okkur í ákveðið hlutverk áður en við höldum af stað í ferðalag og upplifunin breytist eftir því hvort ferðast sé í hóp eða einsamall. Ef litið er á þá viðmælendur sem heimsóttu Killing Fields mátti sjá mun á upplifun þeirra sem ferðuðust einir eða í hóp. Muninn mátti greina á tilfinningalegum þáttum þar sem þeir ferðuðust í hópi vana reyndu frekar að fela tilfinningar sínar heldur en sá sem ferðaðist einn í hópi ókunnugra. Einnig er mikilvægt að koma inn á að enginn viðmælendi upplifði staðinn á sama hátt með skilgreiningar Wang (1999) til hliðsjónar sem nefnir að ferðamenn séu með mismunandi bakgrunn og ástæður til þess að ferðast og upplifi áfangastaðinn þar af leiðandi á ólíkan hátt.

Staðirnir sem viðmælendur heimsóttu eru einstakir staðir þar sem hvergi er hægt að finna annan stað sem býr yfir sömu sögu. Þannig búa þeir yfir miklum verðmætum sem ferðamannastaðir og því er mikilvægt að rétt sé staðið að stýringu ferðamanna um svæðið. Þó svo að ferðamenn séu ekki gjarnir á að taka myndir á þessum stöðum býr mikill máttur í frásögn þeirra af upplifuninni. Á þann hátt halda ferðamenn áhorfinu gangandi í gegnum endurframleiðslu á ímynd staðarins, með frásögnum af því hvað þeir sáu, upplifðu og hvernig staðurinn mætti fyrirframgefnum væntingum (Urry, 1990). Hér er hægt að taka Auschwitz sem dæmi þar sem viðmælendur höfðu alls kyns væntingar til staðarins fyrir heimsóknina, væntingar byggðar á sögunni sem þau höfðu lært í skóla og urðu til þess að þau ákváðu að heimsækja staðinn. Áfangastaðir sem teljast til ferðamannastaða geta breyst mikið eftir að staðurinn er iðkaður af ferðamönnum eða heimamönnum og má því segja að staðir sé í sífelldri mótun (Edensor, 2001).

Myrkir staðir eru þeir staðir sem dauði, hörmungar eða pyntingar hafa átt sér stað og því ekki ólíklegt að alls kyns tilfinningar vakni þegar slík ferðamennska er stunduð (Lennon & Foley, 2000). Nokkur dæmi um tilfinningar sem viðmælendur upplifðu voru sorg, reiði, vorkunn og jafnvel gleði. Gleðin fólst þó aðallega í ánægju yfir því að hafa heimsótt

staðinn og að koma fróðari til baka. Gleðin átti einnig rætur að rekja til þakklætis yfir því að hafa ekki þurft að upplifa svona skelfilega atburði. Í niðurstöðum kom fram að sorg væri sú tilfinning sem viðmælendur tengdu sterkast við myrkvaferðamennsku, tilfinningar sem ekki endilega höfðu vaknað á annars kyns ferðalagi. Viðmælendunum fannst tilfinningar yfir höfuð spila mjög stórt hlutverk þegar kæmi að þessari tegund ferðamennsku. Þegar viðmælendur voru fengnir til að líta um öxl og minnst upplifunarinnar vöknudu sorgartilfinningar og það skipti ekki máli hversu langt hafði liðið frá heimsókninni. Þó svo að mikil sorg hafi fylgt þessum ferðalögum sem getur oft haft neikvæð áhrif á líðan hjá fólki, leiddu niðurstöður það í ljós að fólk var almennt ánægt með að hafa upplifað það sem staðurinn hafði að geyma, burtséð frá sorginni. Í ljós kom að litlar væntingar voru til staðanna sem heimsóttir voru nema meðal þeirra sem heimsóttu Auschwitz en ástæðu þess er hægt að rekja til þekkingar, þar sem flestir hafa lært eða heyrt um sögu staðarins og hafa þar af leiðandi ákveðna tengingu við staðinn fyrir heimsóknina. Þó svo að saga staðarins væri viðmælendum kunnug áður en ferðalagið hófst virtust tilfinningar viðkomandi til staðarins ekki ólíkar tilfinningum þeirra sem vissu lítið eða ekkert um staðinn fyrir heimsóknina. Má því draga þá ályktun að tilfinningar séu í sjálfu sér mjög stór partur af myrkvaferðamennsku og í raun stærri þáttur en rannsakendur bjuggust við í upphafi.

7 Lokaorð

Þessi rannsókn hefur skapað nýja þekkingu á viðfangsefni sem hingað til hefur ekki fengið mikla athygli í ferðamálafræði hérlendis. Myrkvaferðamennska útaf fyrir sig er nýlegt fyrirbrigði og ekki hefur verið mikið um rannsóknir á ferðahegðun Íslendinga þegar kemur að þessari tegund ferðamennsku. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að helsti hvati fólks til að stunda myrkvaferðamennsku sé forvitni. Rætur forvitni virðast þó oft liggja til arfleifðar, þar sem nær allir viðmælendur leituðust eftir því að dýpka skilning sinn á sögu staðarins sem heimsóttur var, sem er hluti af því að öðlast betri skilning á samfélaginu og sjálfum sér. Upplifun fólks af staðnum einkenndist af ríku samspili tilfinninga, þá allra helst sorg og samúð gagnvart þolendum og ástvinum þeirra.

Markmið rannsakenda og rannsóknarspurningar voru miðaðar að því að komast nær því að skilja hvers vegna fólk fyndi fyrir löngun til þess að heimsækja staði sem flokkast til myrkvaferðamennsku og hver þeirra upplifun af slíkri ferðamennsku væri. Til að leita svara við þessum vangaveltum voru tekin viðtöl við sex einstaklinga sem höfðu ferðast á slíka staði og gátu deilt upplifun sinni með rannsakendum. Allt frá því hvers vegna ákvörðun var tekin um að heimsækja staðinn til þess hvað þeir gerðu á staðnum og hvernig þeir upplifðu hann á meðan heimsókninni stóð og eftir að heim var komið. Einnig var rýnt í hugtök og kenningar fræðimanna á sviði ferðamálafræða og myrkvaferðamennsku til þess að geta tengt svör viðmælenda við fræðin. Ákveðin atriði voru veigameiri en önnur þegar kom að greiningu á frásögn viðmælenda. Það sem helst stóð upp úr þegar rætt var um ástæðu ferðalagsins var forvitni og áhugi á arfleifð staðarins. Allir voru sammála um að forvitni spilaði veigamikil hlutverk þegar sú ákvörðun var tekin að heimsækja myrka staðinn. Á sama hátt minntust flestir á það að hafa áhuga á sögu staðarins og töldu það einnig stóran þátt ástæðunnar. Það sem kom einna helst á óvart þegar litið er yfir niðurstöður rannsóknarinnar er hvað tilfinningar spila stórt hlutverk þegar kemur að myrkvaferðamennsku og virðist þessi tegund ferðalaga geta haft gríðarleg áhrif á líðan fólks og sjálfsskilning, jafnvel eftir að heim er komið. Í ljós kom að viðmælendurnir búi allir ennþá yfir sterkum tilfinningalegum tengslum við staðinn sem heimsóttur var.

Vert er að hafa í huga að sambærileg rannsókn með stærra úrtak og fjölbreyttari hóp viðmælenda myndi gefa meiri og dýpri skilning á viðfangsefninu. Hér voru viðmælendur allir á þrítugsaldri sem auðveldaði samanburð milli viðmælenda en getur einnig verið valdur einsleitni. Skemmtilegt væri því að rannsaka hvata hjá enn fleira fólki til að fá ítarlegri mynd af hvötum til myrkvaferðamennsku.

Jafnframt væri áhugavert að rannsaka hvort munur sé á hvötum fólks eftir aldri. Þ.e. hvort að eldra fólk hafi meiri áhuga því að heimsækja myrka staði sökum sögu staðarins með tilliti til þess að það hafi jafnvel verið á lífi á meðan atburðurinn átti sér stað, sem dæmi mætti taka fyrir seinni heimstyrjöldina eða þá fjöldamorðin í Kambódíu.

Heimildir

- Bowman, M. S. og Pezzullo, P. C. (2009). What's so 'Dark' about 'Dark Tourism?: Death, Tours, and Performance. *Tourist Studies*. 9(3), 187–202.
- Bryman, A. (2016). *Social Research Methods* (5. útgáfa). New York: Oxford University Press.
- Chronis, A. (2015). Moving bodies and the staging of the tourist experience. *Annals of Tourism Research*, 55, 124-140, doi:http://dx.doi.org/10.1016/j.annals.2015.09.008
- Cohen, E. (1996). A phenomenology of Tourist Experiences. Í Y. Apostolopoulos, S. Leivadi & A. Yiannakis (ritstj.), *The Sociology of Tourism: Theoretical and Empirical Investigations* (bls. 90-111). London: Routledge.
- Crompton, J. L. (1979). Motivations for pleasure vacation. *Annals of Tourism Research*, 6(4), 408-424, doi: https://doi.org/10.1016/0160-7383(79)90004-5
- Edensor, T. (2001). Performing tourism, staging tourism. *Tourist studies* 1(1), 59-81.
- Edensor, T. (2000). Staging Tourism: Tourists as Performers. *Annals of Tourism Research*, 27(2), 322-344. doi.org/10.1016/S0160-7383(99)00082-1
- Eldheimar. (á.á.). Um Eldheima. Sótt 26. september 2018 af <http://eldheimar.is/about-museum/>
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Pennsylvania: The McGraw Companies.
- Garland, R. (1985). *The Greek Way of Death* (2. útgáfa). New York: Cornell University Press
- Giddens, A. (1991). *Modernity and self-identity: Self and society in the late modern age*. Cambridge: Polity Press.
- Goffman, E. (1959). *The presentation of self in everyday life*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Goffman, E. (1990). *The presentation of self in everyday life*. London: Penguin Books.
- Gunnar S. Þorleifsson. (1982). *Íslenskir sagnaþættir I. bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hildur.
- Hudman, L.E. og Jackson, R.H. (1992). Mormon Pilgrimage and Tourism. *Annals of Tourism Research*, 19(1), 107 – 121.
- Lennon, J. J. og Foley, M. (2000). *Dark tourism: the attraction of death and disaster*. London: Thomson.

- MacCannell, D. (1976). *The Tourist*. New York: Schonken.
- MacCannell, D. (1999). *The Tourist: A New Theory of the Leisure Class*. Berkeley: University of California Press.
- Nielsen, C. (2001). *Tourism and the media: tourist decision-making, information and communication*. Elsternwick: Hospitality Press.
- Robinson, P. (ritstj.). (2012). *Tourism the key concepts*. London: Routledge.
- Rojek, C. (1993). *Ways of escape*. Basingstoke: Macmillan.
- Seaton, A.V. (1996). Guided by the Dark: From Thanatopsis to Thanatourism. International. *Journal of Heritage Studies*, 2(4), 234 – 244.
- Smith, L. (2006). *Uses of Heritage*. London: Routledge.
- Stone, P. og Sharpley, R. (2008). Consuming Dark Tourism: A Thanatological Perspective. *Annals of Tourism Research*, 35(2), 574 – 595.
- Tarlow, P.E. (2005). Dark Tourism: The appealing „dark side“ of tourism and more. Í M. Novelli (ritstj.), *Niche Tourism – Contemporary Issues, Trends and Cases* (bls 47 – 58). Oxford: Butterworth-Heinemann.
- Urry, J. (1990). *The tourist gaze: Leisure and travel in contemporary societies*. London: Sage.
- Urry, J. (2002). *The Tourist Gaze* (2. útgáfa). London: Sage.
- Uzzel, D.L. (1989). The Hot Interpretation of War and Conflict. Í D.L. Uzzel (ritstj.), *Heritage Interpretation: The Natural and Built Environment* (bls. 33 – 46). London: Belhaven.
- Wang, N. (1999). Rethinking Authenticity in Tourism Experience. *Annals of Tourism Research*, 26(2), 349-270.

Viðauki A

Viðtalsrammi

- Hvað er það sem hvetur þig til ferðalaga ? Afhverju ferðast þú ?
- Hvaða staði hefur þú ferðast á sem tileyra slíkri ferðamennsku?
- Gætir þú sagt okkur frá þeim stað sem þú fórst á seinast sem tilheyrir myrkvaferðamennsku ?
 - Afhverju ákvaðst þú að ferðast á þennan stað?
 - Hvað hafðir þú heyrt/séð um staðinn sem vakti áhuga þinn?
 - Mætti staðurinn fyrirframgefnum væntingum þínum? / Var staðurinn ólíkur því sem þú bjóst við?
 - Hvað gerðir þú á staðnum?
 - Hvernig leið þér?
 - Hvernig hugsar þú til staðarins núna? Hvaða tilfinningar vakna, eftir að hafa heimsótt hann?
- Afhverju heldur þú að annað fólk ferðist á slíka staði ?
- Hvað telur þú vera helstu ástæðu þess að þú stundir myrvkaferðamennsku ?